

Nr. 7.  
4.  
marz.

## Bráðabirgðalög fyrir Ísland

um

hegning fyrir tilverknað, er stofnar hlutleysisstöðu ríkisins í  
hættu.

**Vjer Christian hinn Níundi**, af guðs náð Danmerkur konungur,  
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,  
Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Þar sem það, eins og nú stendur á, er áriðandi, að danskir þegnar gjöri ekki neitt það, er hætta sje búin af hlutleysisstöðu ríkisins, eða gefi öðrum ríkjum ástæðu til að kvarta um brot á hlutleysi af þess hálfu, teljum Vjer brýna nauðsyn á að gefa út bráðabirgðalög, samkvæmt 11. gr. stjórnarskrárinnar, er veiti heimild til að banna og hegna fyrir þess konar tilgerðir af hálfu þegnanna.

Því bjóðum Vjer og skipum fyrir á þessa leið:

Þegar ófriður er uppi milli annara ríkja, skal sá er sekur verður í tilverknaði, er stofnar hlutleysisstöðu hins danska ríkis í hættu, eða brýtur bann, er stjórnin hefur sett til verndar hlutleysisstöðunni, sæta fangelsi eða, ef miklar sakir eru, hegningarvinnu; nema þyngri hegning sje við lögð í almennum lögum. Því að eins, að mjög litlar sakir sjeu, má hegningin vera minni en 1 mánaðar fangelsi, eða þá sektir.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

**Gefið á Amaliuborg, 4. marz 1904.**

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

***Christian R.***

(L. S.)

***H. Hafstein.***

# Foreløbig Lov for Island

om

Nr. 7.  
4de  
Marts.

Straf for Handlinger, der udsætte Statens Neutralitet for Fare.

**Vi Christian den Niende**, af Guds Naade Konge til Danmark,  
de Venders og Goters, Hertug til Slesvig, Holsten, Stormarn, Ditmarsken,  
Lauenborg og Oldenburg,

*Gøre vitterligt*: At da det under de nuværende Forhold er af Vigtighed, at der ikke af danske Undersaatter foretages Handlinger, som udsætte Statens Neutralitet for Fare eller give fremmede Magter grundet Anledning til Klage mod den danske Stat som neutral, har Vi fundet det paatrængende nødvendigt i Henhold til Forfatningslovens § 11 ved foreløbig Lov at skaffe fornøden Hjemmel til at forbyde og i Overtrædelsestilfælde at straffe saadanne Handlinger.

Thi byde og befale Vi som følger:

Den, som i Tilfælde af Krig mellem fremmede Stater begaar Handlinger, der udsætte den danske Stats Neutralitet for Fare, eller overtræder et af Regeringen til Neutralitetens Opretholdelse udstedt Forbud, straffes, for saa vidt ikke højere Straf er forskyldt efter den almindelige Lovgivning, med Fængsel eller under skærpene Omstændigheder med Strafarbejde. Kun under særdeles formildende Omstændigheder kan Straffen gaa ned under 1 Maanedes simpelt Fængsel eller til Bøder.

Denne Lov træder straks i Kraft.

Hvorefter alle vedkommende sig have at rette.

**Givet paa Amalienborg, den 4de Marts 1904.**

Under Vor Kongelige Haand og Segl.

***Christian R.***

(L. S.)

---

***H. Hafstein.***